



Reykjavík, 26. ágúst 2026

MSS26070034

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð og skóla- og frístundaráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsögn um aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030

Á fundi borgarráðs þann 13. ágúst 2026 var aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030 vísað til umsagnar velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs.

Umsögn:

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins hefur lagt fram aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2026-2030 til umfjöllunar og staðfestingar hjá aðildarsveitarfélögum. Áætlunin er unnin á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og samstarfssamnings sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um starfsemi svæðisbundins farsældarráðs.

Aðgerðaáætlunin styður vel við markmið farsældarlaganna um snemmtækan stuðning, samþættingu þjónustu og aukið samstarf þeirra aðila sem starfa með börnum og fjölskyldum. Jafnframt tekur áætlunin mið af helstu áherslum í stefnumótun stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og greiningum á stöðu barna og ungmenna á höfuðborgarsvæðinu.

Sérstaklega er jákvætt að lögð er áhersla á sex langtímamarkmið sem snúa að samþættri þjónustu, bættri líðan barna í skóla, öflugra forvarnastarfi, auknu samstarfi heimila og skóla, auknu öryggi barna og auknu jafnræði. Þessi markmið falla vel að þeirri stefnu sem Reykjavíkurborg hefur markað í málefnum barna og fjölskyldna.

Það er ánægjulegt að teknar séu fram þær aðgerðir sem miða að því að bæta upplýsingaflæði og samstarf milli sveitarfélaga, skóla, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og íþróttahreyfingar. Slík innleiðing aðgerða fari fram í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og að skýr ábyrgð, hlutverk og verkferlar liggi fyrir áður en nýtt verklag er tekið upp.

Jafnframt eru ýmsar aðgerðir áætlunarinnar í góðu samræmi við þau verkefni sem þegar eru í gangi hjá Reykjavíkurborg, í gegnum framkvæmdaáætlun Betri borgar fyrir börn og farsældar barna í Reykjavík. Það má nefna aðgerðir sem snúa að skólasókn, geðrækt, forvörnum, aðgerðir í tengslum við ofbeldi meðal barna og ungmenna, foreldrafræðslu, samstarfi heimilis og skóla, upplýsingagjöf til barna og foreldra og stuðningi við fjölskyldur í viðkvæmri stöðu.



Reykjavík



Í samstarfssamningi sveitarfélaganna kemur fram að sveitarstjórnir samþykki aðgerðaáætlun ráðsins og að kostnaðaráætlanir skuli fylgja fyrir þeim verkefnum sem fela í sér sameiginlegan kostnað. Í aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að hlutur Reykjavíkurborgar í sameiginlegum kostnaði árið 2027 verði um 9 m.kr. og um 3,6 m.kr. árlega á tímabilinu 2028-2030. Fellur kostnaðurinn utan fjárheimilda velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs og því er mikilvægt að tekið verði tillit til þessa við áframhaldandi fjárhagsáætlanagerð borgarinnar. Bæði velferðarsvið og skóla- og frístundasvið koma að aðgerðaráætlun farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Mikilvægt er að áfram verði fylgst með árangri aðgerðanna með þeim mælikvörðum sem fram koma í áætluninni og að árlegar framvinduskýrslur og regluleg endurskoðun forgangsverkefna verði nýtt til að meta árangur, kostnað og áhrif verkefnanna á farsæld barna og fjölskyldna.

